

Geðræktarverkefni flutt vegna ólgu innan Geðhjálpar

Skrifað hefur verið undir nýjan samstarfssamning um forvarna- og fræðsluverkefnið "Geðrækt". Verkefnið hefur haft sérkennitölu og fjárhag og verið rekið undir hatti Geðhjálpar í samstarfi við Landlæknisembættið og geðsvið Landspítala - háskólasjúkrahúss. Í tilkynningu frá landlæknisembættinu segir að nú flytji verkefnið sig um set vegna þeirrar ólgu sem ríki um félagið Geðhjálp.

Geðrækt er sjálfstætt starfandi verkefni unnið í samstarfi við Landlæknisembættið og geðsvið Landspítala - háskólasjúkrahúss. Í tilkynningu landlæknis segir að verkefnið hafi skilað mikilli vitundarvakningu og árangri nú þegar og hlotið góðar viðtökur í samfélaginu. Aðstandendur verkefnisins upplifi mikla þörf fyrir verkefnið og boðskap þess. Undanfarið hafi áhersla verið lögð á fræðslu í skólum landsins og á fjölmönnum vinnustöðum. Undir tilkynninguna skrifa Eydís Sveinbjarnardóttir formaður Geðhjálpar, Sigurður Guðmundsson landlæknir og Hannes Pétursson prófessor.